Qualified Electronic Signature
HALLA EINARSDÓTTIR
2022-05-04 16:10:42 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
2022-05-04 16:12:21 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 4. maí 2022
UST202102-279/H.E.
08.14.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 16. júní 2021 – Kalka Sorpeyðingastöð**

Þann 16. júní sl. fór fram eftirlit í Kölku Sorpeyðingastöð á Suðurnesjum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Í eftirlitinu komu fram þrjú ný frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti er varðar:

1. Frávik frá grein 5.4 í starfsleyfi. Daglegur meðalstyrkur HCl mældist 11,71 mg/m$^3$ þann 18. maí sl. sem er yfir starfsleyfismörkum og þrjá daga yfir starfsleyfismörkum hvað varðar daglegan meðalstyrk $SO_2$ (59,09 mg/m$^3$ 28.febrúar sl, 155,19 mg/m$^3$ 23.mars og 86,88 mg/m$^3$ 5. apríl sl.) Starfsleyfismörk fyrir daglegan meðalstyrk HCl er 10 mg/m3 og fyrir $SO_2$ 50 mg/m$^3$
2. Frávik frá reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald og grein 5.7 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir árið 2020 var skilað of seint, en það barst stofnuninni 28. júní 2021. Frávikinu telst þar með lokað.
3. Frávik frá reglugerð 990/2018 um útstreymisbókhald og grein 5.7 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir árið 2020 var skilað of seint, en það barst stofnuninni 28. júní 2021. Frávikinu telst þar með lokað.

Þremur ábendingum var komið á framfæri varðandi afgirðingu lóðar, lekavarnir og geymslu raftækja og geyma.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu fráviki í 1. tölulið í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26.5.2022.**

Virðingarfyllst,

Halla Einarsdóttir
***teymisstjóri***

Sigríður Magnúsdóttir
***sérfræðingur***